

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitur í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu í Kaldrananeshreppi og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Kaldrananeshreppi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 14. desember 2022.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús og parhús/raðhús	kr. 143.000	á hvert hús eða íbúð í parhúsi/raðhúsi
Fyrir fjölbýlishús	kr. 82.500	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnaði	kr. 154	á hvern m ³ í húsnaðinu að 4.000 m ³
	kr. 77	á hvern m ³ > 4.000 m ³

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,22% af álagningarstofni þó aldrei lægra en kr. 20.000 né hærra en kr. 30.000. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró < 4.000	19.800
Rotþró 4.001-6.000	24.200
Rotþró 6.001-8.000	28.600
Rotþró 8.001-10.000	38.500
Rotþró > 10.000	3.300 pr. umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.300.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 14. desember 2022 og staðfestist hér með samkvæmt II. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti- og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 112/2019.

Drangnesi, 14. desember 2022.

F.h. Kaldrananeshrepps,

Finnur Ólafsson oddviti.